



Vírinn

1. tbl. 3. árgangur, 17. janúar 2013

Fréttir um upplýsingatækni frá Áhættuþjónustu Deloitte ehf.

Áhættuþjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan endurskoðunarviðs Deloitte ehf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Vírinn er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa. Nýjustu fréttir Vírsins birtast jafnóðum á heimasíðu Deloitte á síðu [upplýsingaöryggisdeildar](#).

Fyrsta tölublað þriðja árgangs af Vírnum!

Data Privacy dagurinn nálgast!

Dagur upplýsingaverndar haldinn hátíðlegur hjá Deloitte

Þann 28. janúar ár hvert er haldinn Data Privacy dagurinn um allan heim. Á þeim degi er þess minnst að mikilvægt er að fara varlega með gögnin sín og gæta þess hvaða gögn um okkur geta verið aðgengileg. Ákveðið hefur verið að halda þennan dag hátíðlegan hjá Deloitte á Íslandi. Verður þess vegna efnt til atburðar þann 28. janúar þar sem fluttar verða kynningar um málefnið og veitingar boðnar gestum. Nánari tímasetningar og dagskrá verður kynnt síðar.

[Meira ▶](#)

Magn ruslpósts hefur minnkað umtalsvert

Samræmt átak gegn ruslpósti skilar árangri

Eins og Vírinn hefur nokkrum sinnum greint frá er ruslpóstur stór iðnaður, en tekið hefur verið eftir því að magn ruslpósts hefur minnkað umtalsvert undanfarið. Seinni part árs 2010 er talað um að 6 þúsund milljarðar pósta hafi verið sentir í þeim mánuði, en við lok árs 2012 var magnið „einungis“ um 1 þúsund milljarður. Þetta hefur gerst vegna þess að yfirvöld og einkafyrirtæki hafa verið mjög dugleg við að ráða niðurlögum botneta um allan heim, og hefur það haft mikið að segja. Það er samt rétt að hafa í huga að þessar tölur hafa kannski ekki mikið að segja fyrir hinn almenna Íslending, en það eru án efa margir sem finna vel fyrir þessari miklu minnkun á ruslpósti.

[Meira ▶](#)

Red October óværan sérstök að mörgu leyti

Nethernaður gengur sífellt lengra

Nýlega kom fram á sjónarsviðið hin svokallaða Red October óværa, en Red October er talinn hafa verið á ferli í allt að 5 ár. Eðlilega er hann þá borinn saman við óværu eins og Stuxnet og Flame, en Red October virðist vera enn þróaðri. Þessi óværa virðist vera miklu hnitmiðarari, og beinast ekki bara að einstökum ríkjum heldur jafnvel að einstaklingum. Þá hefur óværan til dæmis áhrif á skrár með svokallaðari .Acid skráreningu, en þess háttar skjöl eru helst notuð af NATO og Evrópusambandinu. Þegar kemur að því að finna sökudólga eru venjulega nefnd lönd eins og Kína og Rússland, en margt virðist benda til að RBN(Russian Business Network), sem lesendur Vírsins ættu að kannast við, gætu mögulega einnig verið tengdir þessu máli.

[Meira ▶](#)

Heilbrigðisstofnun í BNA sektuð vegna gagnaleka

Það er ekki einungis fjöldi fórnarlamba, heldur líka eðli upplýsinganna sem skiptir máli

Heilbrigðisstofnun í Bandaríkjunum var nýlega sektuð um 50.000 dali vegna vanrækslu, en fartölva með upplýsingum um skjólstaðinga stofnunarinnar var stolið úr bifreið starfsmanns stofnunarinnar. Fartölva þessi var ódulrituð og geymdi mikið af upplýsingum, sem þó var einungis um færri en 500 sjúklinga. Hefur þessi sekt þess vegna vakið nokkra athygli, enda sýnir það að það er ekki einungis fjöldi þeirra sem urðu fyrir barðinu á upplýsingalekanum sem skiptir máli, heldur einnig hvers eðlis þær upplýsingar eru sem stolið er og hvaða aðilum er stolið frá. Þá er vert að velta fyrir sér hvort samskonar sekt myndi koma til ef sambærilegur gagnaleki yrði hér á landi.

[Meira ▶](#)

Viðtakendur eru hvattir til að áframsenda Vírinn á áhugasama

Nánari upplýsinga um þjónustuframboð Deloitte á sviði upplýsingakerfa og upplýsingaöryggis veita:

Jón Kristinn Ragnarsson, sérfræðingur

Úlfar Andri Jónasson, kerfisfræðingur, MCTS, MCP

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 200.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi

þjónustu.

Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðinetti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili í sérfræðinetti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.

Höfundaréttarvarið © 2013 Deloitte Global Services Limited